

Ed.

502. Breytingartillögur

við frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 34, 16. nóv. 1907 um skipun læknishéraða o. fl. Þingskj. 177.

Frá nefndinni.

1. Fyrsta málsgrein: Strandalæknishéraði o. s. frv. orðist þannig:
Strandalæknishéraði skal skift i þessi tvö læknishéruð.
2. Önnur málsgrein: Reykjarfjarðarhérað o. s. frv. orðist svo:
Reykjarfjarðarhérað: Árnesshreppur og nyrðri hluti Kaldrananeshrepps að Bjarnarnesi. Læknissetur á Reykjarfirði.
3. Þriðja málsgrein: Bitruhérað o. s. frv. orðist svo:
Hólmavíkurhérað: Syðri hluti Kaldrananeshrepps frá Bjarnarnesi, Hrófbergshreppur, Kirkjubólshreppur, Fellshreppur og Óspakseyrarhreppur. Læknissetur á Hólmavík.

4. Fjórða málsgrein: Miðfjarðarhérað o. s. frv. falli burt.

5. Við greinina bætist ný málsgrein:

Breyting þessi gengur í gildi þegar Reykjarfjarðarhérað verður veitt umsækjanda.